

Stofnanasamningur Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og Veiðimálastofnunar samkvæmt ákvæðum kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra.

1. Gildissvið

Samningur þessi nær til allra félagsmanna í FÍN sem starfa hjá Veiðimálastofnun. Samningur þessi tekur gildi 1. desember 2014.

2. Markmið

Aðilar eru sammála um:

- að tryggja stofnuninni hæft og gott starfsfólk.
- að launkerfi sé sveigjanlegt og að ákvarðanir um launaröðun séu teknar með málefnalegum hætti.
- að launakerfið taki mið af skipuriti og markmiðum stofnunarinnar.
- að launakerfið feli í sér tækifæri fyrir starfsmenn til framgangs í starfi.
- að starfsmenn njóti frammistöðu sinnar samanber 5. grein þessa samnings.

3. Grunnröðun

Við röðun starfsmanna í starfsheiti og launaflokka skal miða við viðvarandi/stöðugt verksvið. Raða skal í starfsheiti í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna samkvæmt hlutlægum mælikvörðum ef unnt er.

Starfsheiti

N-1 L.fl. = 06

Náttúrufræðingur án verkefnastjórnunar.

Náttúrufræðingur sem annast almenna gagnasöfnun eða úrvinnslu sýna undir stjórn sérfræðings. Eftir 3 mánuði í starfi flyst starfsmaðurinn í starfsheitið N-2

N-2 L.fl. = 08

Náttúrufræðingur án verkefnastjórnunar.

Náttúrufræðingur sem annast almenna gagnasöfnun eða úrvinnslu sýna undir stjórn sérfræðings. Eftir 6 mánuði í starfi flyst starfsmaðurinn í starfsheitið N-3

N-3 L.fl. = 10

Náttúrufræðingur án verkefnastjórnunar.

Náttúrufræðingur sem annast almenna gagnasöfnun eða úrvinnslu sýna undir stjórn sérfræðings. Ef starfsmaður tekur að sér stjórn verkefna tímabundið eða hefur fengið að lágmarki 20 tíma í yfirvinnu vegna afkastahvetjandi þátta (grein 5) flyst hann í starfsheitið S-1. Eftir 3 ár í starfi flyst starfsmaðurinn í starfsheitið N-4.

N-4 L.fl. = 12

Náttúrufræðingur án verkefnastjórnunar.

Náttúrufræðingur með 3 ára reynslu og annast almenna gagnasöfnun eða úrvinnslu sýna undir stjórn sérfræðings. Ef starfsmaður tekur að sér stjórn verkefna eða hefur fengið að lágmarki 40 tíma í yfirvinnu vegna afkastahvetjandi þátta (grein 5) flyst hann í starfsheitið S-1.

Náttúrufræðingur með meistarapróf eða sambærilega menntun raðast ekki lægra en N-4, en flyst í starfsheitið S-2 eftir tvö ár í starfi.

FA

FA
IDJ

96

S-1 L.fl. = 14

Sérfræðingur með verkefnisstjórn.

Sérfræðingur sem stýrir verkefnum, sér um söfnun og úrvinnslu gagna og skýrsluskrif.

S-2 L.fl. = 16

Sérfræðingur með verkefnisstjórn.

Sérfræðingur sem stjórnar verkefnum, sér um öflun verkefna, vinnur við gerð rannsóknaráætlana, sér um söfnun, úrvinnslu og túlkun gagna og er í samskiptum við verkkaupa og samstarfsaðila.

S-3 L.fl. = 18

Sérfræðingur með verkefnisstjórn að staðaldri.

Sérfræðingur sem hefur umsjón með verkefnum og ber faglega ábyrgð á þeim. Sér um túlkun og úrvinnslu gagna og ritar reglulega skýrslur/tímaritsgreinar í nafni Veiðimálstofnunar. Er að staðaldri með stjórn á verkefnum sem geta m.a. falið í sér samstarf margra aðila. Stýrir fólki í rannsóknarvinnu.

Þegar starfsmaður með meistaraþróf eða meiri menntun hefur starfað hjá stofnuninni í 8 ár, flyst hann í starfsheitið S-4.

S-4 L.fl. = 25

Sérfræðingur með viðvarandi verkefnisstjórn.

Sérfræðingur sem stjórnar einu eða fleiri verkefnum. Sér um gerð rannsóknaráætlana, sér um öflun verkefna, stjórnar verkefnum að staðaldri og er í forsvari fyrir fagleg málefni á ákveðnum sviði/um innan og utan stofnunar. Er faglega ábyrgur fyrir verkefnum og er í samskiptum við aðila utan stofnunarinnar vegna verkefna sinna á stofnuninni.

S-5 L.fl. = 26

Sérfræðingur með mikla vísindalega viðurkenningu

Sérfræðingur sem hefur með sinni vísindalegu vinnu öðlast viðurkenningu á alþjóðavettvangi þar á meðal með greinaskrifum í ritrýnd tímarit, að lágmarki 20 greinum, þar af að minnsta kosti fimm sem fyrsti höfundur.

S-6 L.fl. = 27

Sérfræðingur með sviðsstjórn

Sérfræðingur sem stjórnar sviði innan stofnunar og er með mannaforráð, áætlanagerð og eftirlit með viðkomandi sviði. Sérfræðingur sinnir sviðsstjórn tímabundið (3 ár í senn) en hverfur aftur til sinna sérfræðistarfa að þeim tíma loknum og raðast þá sem S-3, S-4 eða S-5.

4. Álögur ofan á grunnlaun

4.1. Viðbótarmenntun að loknu BS-prófi:

Meistarapróf eða sambærilegt	2 fl.
Doktorspróf eða sambærilegt	4 fl.
Viðbótarnám á háskólastigi sem nýtist í starfi (30 ECTS)	1 fl.

SH

FA
IRJ

96

Viðurkennd námskeið sem nýtast í starfi (10 einingar ECTS). 1 lfl.
Hámark er 1 launaflokkur á hverju 10 ára tímabili frá
gildistöku samnings þessa að telja.

4.2. Áhætta:

Eiturefnaálag, ef starfsmaður vinnur að staðaldri með heilsuspillandi efni og getið er í reglugerð nr. 236/1990 með síðari breytingum um eiturefni og hættuleg efni og Registry of toxic effects of chemical substances. Áhætta vegna vinnu við ár og vötn (bátsferðir, einmenningsvinna við ár/vötn/sjó, rafmagnsveiðar o.fl.) 1 lfl.

5. Afkastahvetjandi þættir

Til að gera launakerfið afkastahvetjandi og stuðla að sveigjanleika í verkefnum stofnunarinnar, hafa aðilar orðið ásáttir um eftirfarandi greiðslur til starfsmanna á formi yfirvinnutíma. Aðeins er greitt fyrir þætti sem eru á fagsviði stofnunar. Séu fleiri en einn sem koma að kynningu eða öðru því sem hér að neðan er tilgreint skal tímafjöldi deilast niður eftir samkomulagi hlutaðeigandi. Áður en greinaskrif eru hafin skal leita samþykkis næsta yfirmanns. Ef ritverk, erindi eða veggspjaldakynning er afurð samstarfsverkefna fleiri stofnana er greitt í hlutfalli við aðild Veiðimálastofnunar að verkinu. Forstjóri eða sviðsstjóri metur verkið í samráði við viðkomandi sérfræðing.

Tímafjöldi

A. Rit, erindi eða aðrar kynningar

A1.

Bók, fræðirit 70 - 100

Grein birt í ritrýndu tímariti skráð í SCI gagnagrunn 70 - 100

Grein birt í öðru ritrýndu fræðiriti eða bókarkafli 30 - 50

Grein birt í ráðstefnuriti eða bókarkafli 20 - 40

Yfirlitsgreinar eða samantekt og birting langtímarannsókna 30 - 50

Grein í óritrýndu riti t.d. blaðagrein, Freyr, Veiðimaðurinn 15

Fræðilegar skýrslur 5 - 30

Ritstjórn á fræðibók 30 50

A2.

Erindi á vísindaráðstefnu 10

Inngangsfyrirlestur á ráðstefnu 15

Fræðilegt erindi á smærri málþingum, vinnusmiðjum o.s.frv. 5

Erindi flutt fyrir félagasamtök í nafni stofnunarinnar 2

A3.

Veggspjaldakynning á vísindaráðstefnu 8

Veggspjaldakynning á fræðslufundum 4

B. Annað

Óvenju umfangsmikil verkefni t.d. skipulagning á ráðstefnu,

koma upp tækjabúnaði, undirbúningur og skipulagning verkefna 10 - 100

Þátttaka og virkni í alþjóðlegu vísindasamstarfi 10 - 100

6. Yfirvinna á föstum vinnustað

Aðilar eru sammála um að ekki sé unnin yfirvinna á föstum vinnustað, utan þess sem um getur í lið 5, nema sérstaklega standi á og þá með samþykki sviðsstjóra/forstjóra.

JA

F.A.
IRJ

SL

7. Yfirvinna í rannsóknarferðum fjarri heimili og föstum vinnustað

Aðilar eru sammála um að vinna fjarri heimili og föstum vinnustað skuli eftir því sem kostur er unnin virka daga. Undantekningar frá því skulu vera í samráði við sviðsstjóra.

Á mánudögum til föstudaga skulu greiddar 4 klst. í yfirvinnu á dag. Á laugardögum, sunnudögum og sérstökum frídögum skal greiða 12 klst. í yfirvinnu á dag.

8. Grunnrannsóknir ráðstefnur

Til þess að örva það að rannsóknir á Veiðimálastofnun komi fyrir sjónir annarra fræðimanna og almennings skal leitast við að gefa sérfræðingum sem verið hafa í starfi hjá stofnuninni í lengri tíma færi á að verja vinnutíma í fullvinnslu gagna og greinaskrifa á fagsviði stofnunarinnar og þurfi þeir ekki að sinna öðrum verkefnum á meðan.

Á sama máta skal leitast við að gefa sérfræðingum færi á að sækja alþjóðlegar ráðstefnur með reglubundnum hætti til að kynna verk sín og afla þekkingar frá öðrum. Stofnunin greiði kostnað við ráðstefnufarir. Áætlun um þessi atriði verði tekin inn í starfsáætlun sérfræðinga.

9. Sveigjanlegur vinnutími

Starfsmenn skulu eiga kost á sveigjanlegum vinnutíma í samráði við yfirmann. Þegar vinnuskylda hefur verið uppfyllt skal starfsmaður eiga kost á að taka yfirvinnu sem unnin er út í fríi í samráði við yfirmann (sbr. grein 2.3.8 í aðalkjarasamningi).

10. Hlífðarfatnaður

Veiðimálastofnun sér starfsmönnum fyrir hlífðarfatnaði við vinnu þeirra og endurnýjar eftir eðlilegt slit eða óhöpp. Hlífðarfatnaður falli að þörfum hvers starfs.

11. Vísiregla

Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafa áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmanni eða öðrum starfsmönnum svo tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

12. Gildistími


Samningur þessi gildir frá 1. desember 2014. Endurskoða skal samninginn á gildistímanum óski annar hvor aðilinn þess. Verði breyting á starfsemi stofnunar eða meginverkefnum hennar, skal gerð nauðsynleg endurskoðun á stofnanasamningi þessum.

Reykjavík 12. nóvember 2014

F h Veiðimálastofnunar



F.h. Félags Íslenskra náttúrufræðinga



Þellur Halldórsson
Fræðipiðfur Arnason
Ingi R. Jónsson

Bókun 1

Aðilar að stofnanasamningi þessum eru sammála um að greiðslur vegna flutnings erinda á smærri málþingum, vinnusmiðjum eða fyrir félagasamtök í nafni stofnunar (grein 5) skerði ekki greiðslur á yfirvinnu sem kemur til ef viðkomandi erindi eru flutt utan hefðbundins dagvinnutíma.

Bókun 2

Við gildistöku samnings falla niður áunnir launaflokkar starfsmanna aðrir en tilgreindir eru í 4. grein samnings þessa sjá nánar í fylgiskjali.

Bókun 3

Í sérstöku skjali sem fylgir þessum samning er gerð grein fyrir tillögum að starfsheita- og launaröðun fyrir núverandi starfsmenn Veiðimálastofnunar.

PH FÁ
IRJ

SG